

1862.

22. janúar.

2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtamannsins yfir Íslandi, um laun málaflutningsmanna við landsyfirréttinn.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi, með þegnlegri skýrslu, dagsettri 18. septemberm. f. á. sent stjórninni þegnlegt álitsskjal þingsins frá 13. ágústm. þar á undan, og hefir þingið í því meðal annars stungið upp á, að laun þau, er samkvæmt konungsúrskurði 19. marzm. 1858 hafa verið veitt málaflutningsmönnum þeim, er fyrst um sinn hafa verið skipaðir við yfirdóminn á Íslandi, verði enn um hin næstu 4 ár greidd úr hinum íslenzka dómsmálasjóði.

Út af þessu skorar nú dómsmálastjórnin á yður, herra stiptamtmaður, samkvæmt konungsúrskurði þeim, er nú var getið, að þér látið borga málaflutningsmönnunum launin á sama hátt og að undanfögnu úr hinum íslenzka dómsmálasjóði, og undir það að 4 ár eru liðin, sendið dómsmálastjórninni skýrslu um, að hve miklu leyti sjóðurinn framvegis sé fær um að bera kostnað þenna.

Í sambandi við þetta skal yður enn tilkynnt út af bréfum yðar 26. septemberm. og 23. nóvemberm. f. á., að stjórnarráðið leyfir, að Hermanni Jónssyni sýslumanni í Rangárvallasýslu, er fyrrum var settur málaflutningsmaður við yfirdóminn, verði borgað að tiltölu af launum þeim, er málaflutningsmennirnir höfðu, fyrir júnímánuð, ágústmánuð og septembermánuð f. á., með því hann þenna tíma gegndi málaflutningsmannsstörfum við réttinn eptir að búið var að veita honum sýslumannsembætti, og að stjórnarráðið fellst á, að þér hafið látið borga Jóni Guðmundssyni, settum málaflutningsmanni, eins og að undanfögnu, launin fyrir ágústmánuð f. á. og svo mánuðina þar á eptir, en þar á móti getur ekki orðið umtalsmál að borga honum launa- viðbót þá, sem hann hefir sótt um; sbr. lög 19. febrúarm. 1861. 3. gr. 1. og 2. tölulið.